



Fundargerð aðalfundar 2005

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2005 var haldinn í húsakynnum fyrirtækisins að Borgartúni 37 í Reykjavík, 17. maí 2005 klukkan 16:00. Mættir voru fulltrúuar fimm hluthafa sem eiga samanlagt 58,7% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Gunnar Sturluson, hrl., fundarstjóra, og Árni Sigurjónsson, framkvæmdastjóra, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Hörður Sigurgestsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Árni Sigurjónsson, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins, sem var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
3. Fram kom tillaga um að stjórn félagsins yrði endurkjörin, að varamenn stjórnar yrðu endurkjörnir og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var sjálfkjörið í allar þessar stöður. Þær eru því skipaðar svo:

- Anna Torfadóttir (kt. 250149-6549), stjórnarmaður.
 - Hörður Sigurgestsson (kt. 020638-2659), stjórnarmaður.
 - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
 - Sigrún Klara Hannesdóttir (kt. 091043-3949), stjórnarmaður.
 - Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169), varamaður í stjórn.
 - Valur Árnason (kt. 230666-3349), varamaður í stjórn.
 - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
4. Lagt var til að tap félagsins á árinu 2004 færi til lækkunar á eigin fé þess og skoðaðist þetta samþykkt þar sem það hafði þegar verið samþykkt sem hluti ársreiknings.

5. Lögð var fram tillaga um að laun stjórnarmanna skyldu vera óbreytt frá fyrra ári eða 15.000 krónur á mánuði á stjórnarmann en tvöföld sú upphæð fyrir stjórnarformann. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Hvort tveggja var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundi var slitið klukkan 16:50.

Gunnar Sturluson

Árni Sigurjónsson